

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. apríl 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 38, 23. janúar 1990.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,52%

Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

vegna greiðslna sjúkratrygginga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

1. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

- Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
- Fyrir hverja slysamóttöku gjald sem er 30% af B-lið slystaxta sjúkrahúsa.
- Fyrir hverja blóðmeina- og meinefnarannsókn gjald sem er 60% af umsaminni sérfræðingjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af starfsfólki sem sérstaklega er til þess ráðið.

Á reikningi skal taka fram nafn og kennitölu sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert verkið var.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. a) og b) tekur þeim breytingum sem verða á tilvitnuðum töxtum, samkvæmt ákvörðun daggjaldanefndar. Gjald skv. 1. gr. c) tekur breytingum í samræmi við umsamda sérfræðingagjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 63/1985 vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.